



B 342/UVN

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um
**ráðherranefndartillögu um
samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023–2024**

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að hrinda í framkvæmd samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023 – 2024, eins og henni er lýst í drögum að ráðherranefndartillögu og að teknu tilliti til sjónarmiða nefndarinnar.

Skýring

Svið dómsmála er í verkahring Norrænu ráðherranefndarinnar um dómsmál (MR-JUST) og embættismannanefndar um dómsmál (ÄK-JUST). Sviðið á einnig samstarf við Eystrasaltsríkin í tengslahópi embættismanna og á reglubundnum norrænbaltneskum ráðherrafundum. Á tímabilinu 2021–2024 hefur svið dómsmála árlega til ráðstöfunar verkefnastyrki sem nema u.þ.b. 1,2 milljónum danskra króna.

Núverandi samstarfsáætlun á sviði dómsmála var sett fram árið 2018 og tók gildi árið 2019. Það átti sér stað áður en norrænu forsætisráðherrarnir tóku ákvörðun um Framtíðarsýnina fyrir 2030 og norrænu samstarfsráðherrarnir samþykktu áætlunina um framkvæmd framtíðarsýnarinnar sem gildir á tímabilinu 2021–2024.

Framtíðarsýnin og framkvæmdaáætlunin eru almenn stefnumótunarskjöl fyrir svið dómsmála. Samstarfsáætlun sviðsins á að fylgja framkvæmdaáætluninni um framtíðarsýnina. Ný samstarfsáætlun á sviði dómsmála mun þar með gilda á tímabilinu 2023–2024.

Embættismannanefndin um dómsmál (ÄK-JUST) lagði mat á núverandi samstarfsáætlun og komst að þeirri niðurstöðu að þau stefnumarkandi áherslusvið sem nefnd eru sérstaklega í áætluninni, þ.e.a.s. Samræmi löggjafar á Norðurlöndum og norrænt notagildi, Réttaröryggi og Forvarnir gegn brotastarfsemi, eigi enn við í framhaldinu. ÄK-JUST mat það einnig svo að núverandi samstarfsáætlun samræmdist vel Framtíðarsýninni fyrir 2030 og tilheyrandi framkvæmdaáætlun.



Í ljósi þessa og með tilliti til þess að hagnýtar ástæður mæla gegn því að svið dómsmála semji algjörlega nýja samstarfsáætlun, sem ætti einungis að gilda um tveggja ára skeið, taldi ÁK-JUST að fylgja bæri áfram efnislega núverandi samstarfsáætlun til og með ársins 2024. Þó ber að endurskoða samstarfsáætlunina með upplýsingum um hvernig starf sviðsins leggur sitt af mörkum til Framtíðarsýnarinnar fyrir 2030 og framkvæmdaáætlunarinnar.

ÁK-JUST leitaði álits Norrænu velferðarnefndarinnar og Norrænu hagvaxtarnefndarinnar um tillöguna. Norræna velferðarnefndin tilkynnti þann 28. mars 2022 að hún væri fylgjandi tillöggunni. Sömu skilaboð hafa borist munnlega frá Norrænu hagvaxtarnefndinni í gegnum skrifstofu Norðurlandaráðs.

ÁK-JUST lagði að því loknu tillöguna fram á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar um dómsmál (MR-JUST) dagana 20.–21. júní 2022 ásamt drögum að endurskoðaðri samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2023–2024. MR-JUST var sammála mati ÁK-JUST um að halda sig áfram við núverandi samstarfsáætlun og endurskoða samstarfsáætlunina með upplýsingum um hvernig starf sviðsins leggur af mörkum til framtíðarsýnarinnar. MR-JUST samþykkti að svo stöddu að samþykkja drögin og að leitað skyldi álits Norðurlandaráðs í ráðherranefndartillögu.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin þakkar fyrir góða þátttöku í vinnu að endurskoðun áætlunar fyrir svið dómsmála 2023 – 2024.

Vegna skriflegrar fyrirspurnar frá formanni embættismannanefndarinnar um dómsmál, Ketil Bøe Moen, kom nefndin snemma við sögu í ferlinu og hefur átt þess kost að koma með athugasemdir.

Nefndin veitir því athygli að samstarfsáætlunin fyrir svið dómsmála 2023 – 2024 felur ekki í sér breytingar á skipulagi samstarfs á sviði dómsmála að því er varðar börn og ungmenni, jafnréttismál og sjálfbæra þróun.

Sömuleiðis veitir nefndin því athygli að samstarfið á sviði dómsmála á áfram að efla starf gegn mismunun og standa vörð um grundvallarréttindi, þar á meðal jafnrétti kynjanna, réttindi barna og ungmenna, réttindi fólks með fötlun og LGBTQI+ -fólks.

Nefndin er því einróma samþykk samstarfsáætluninni fyrir svið dómsmála 2023 – 2024 og styður hana án frekari athugasemda.

Reykjavík, 7. september 2022



Aksel V. Johannesen (Jvfl.)

Anders Adlercreutz (sv)

Angelika Bengtsson (SD)

Ásmundur Friðriksson (Sj.)

Atte Kaleva (saml)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (gröna)

Kathy Lie (SV)

Kim Berg (sd)

Tobias Drevland Lund (Partiet Rødt)

Tone Wilhelmsen Trøen (H)

Truls Vasvik (A)